



## STJÓRN STRÆTÓ bs.

Ár 2013, föstudaginn 29. nóvember var haldinn 190. fundur stjórnar Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 8:10.

Mætt voru Einar Örn Benediktsson, Sturla Þorsteinsson, Gunnar Axel Axelsson, Bryndís Haraldsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir.

Fundinn sat einnig Reynir Jónsson.

Fundarritari var Hörður Gíslason.

### Þetta gerðist:

1. Fjallað um gjaldskrármál. Lagt fram erindi SSH, þar sem stjórn SSH beinir til stjórnar Strætó bs. að fresta gildistöku gjaldskrárhækkunar, sbr. 2. liður fundargerðar 188. fundar stjórnar.  
Stjórnin samþykkir að fresta áður samþykktu gildistöku gjaldskrárhækkunar og vísa málinu til frekari umfjöllunar þegar niðurstaða fjárlaga um framlag ríkisins vegna samnings um eflingu almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu liggur fyrir.
2. Lagt fram árshlutauppgjör 30. sept. 2013 fyrir Strætó bs.  
Samþykkt.
3. Lagt fram bréf borgarritara dags. 5. nóv. sl. varðandi sameiginlegt útboð um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar samstæðu Reykjavíkurborgar ásamt samningi til undirritunar. Stjórnin samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.
4. Lögð fram Mannauðs- og starfsmannastefna Strætó bs. í sex liðum.  
Samþykkt.
5. Lagt fram erindi Reykjavíkurráðs ungmenna - tillaga um breytingu á nemakortum í Strætó. Erindinu vísað til vinnu sem fram fer hjá Strætó í tengslum við rafrænar fargjaldalausnir.

**Fundi slitið kl. 09:30**

Einar Örn Benediktsson

Sturla Þorsteinsson  
Bryndís Haraldsdóttir

Gunnar Axel Axelsson  
Sigrún Edda Jónsdóttir